

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR 98/EES/42/06

nr. 6/98
frá 30. janúar 1998

um breytingu á VII. viðauka (Gagnkvæm viðurkenning á starfsmenntun og hæfi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

VII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegru EES-nefndarinnar nr. 22/97 frá 30. apríl 1997⁽¹⁾.

Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 97/38/EB frá 20. júní 1997 um breytingu á viðauka C við tilskipun ráðsins 92/51/EBE um annað almennt kerfi til viðurkenningar á starfsmenntun og starfsþjálfun til viðbótar tilskipun 89/48/EBE⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:**1. gr.**

Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 1a (tilskipun ráðsins 92/51/EBE) í VII. viðauka við samninginn:

„- **397 L 0038:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 97/38/EB frá 20. júní 1997 (Stjttíð. EB nr. L 184, 12. 7. 1997, bls. 31).“

2. gr.

Í lok aðlögunarliðar c) við lið 1a (tilskipun ráðsins 92/51/EBE) í VII. viðauka við samninginn bætast við orðin „eins og henni var breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 97/38/EB“.

3. gr.

Fullgiltur texti tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 97/38/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. febrúar 1998, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 30. janúar 1998.

Fyrir hönd sameiginlegru EES-nefndarinnar

Formaður

F. Barbaso

(¹) Stjttíð. EB nr. L 242, 4. 9. 1997, bls. 69 og EES-viðbætur við Stjttíð. EB nr. 37, 4. 9. 1997, bls. 14.

(²) Stjttíð. EB nr. L 184, 12. 7. 1997, bls. 31.

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 97/38/EB

frá 20. júní 1997

um breytingu á viðauka C við tilskipun ráðsins 92/51/EBE um annað almennt kerfi til viðurkenningar á starfsmenntun og starfsþjálfun til viðbótar tilskipun 89/48/EBE(*)

(Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 92/51/EBE frá 18. júní 1992 um annað almennt kerfi til viðurkenningar á starfsmenntun og starfsþjálfun til viðbótar tilskipun 89/48/EBE ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 95/43/EB ⁽²⁾, einkum 15. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Stjórn Breska konungsríkisins hefur lagt fram rökstudda beiðni um að þrjú starfsþjálfunarnámskeið á vegum þess verði felld brott úr viðauka C við tilskipunina.

Breska konungsríkið hefur gert breytingar á menntun og þjálfun vísindalegra aðstoðarmanna við læknarannsóknarstofur, sem merkir að þetta nám felur nú í sér þriggja ára æðra nám og fellur því undir tilskipun 89/48/EBE ⁽³⁾. Af þessum sökum fellur menntun og þjálfun vísindalegra aðstoðarmanna við læknarannsóknarstofur ekki lengur undir viðauka C, þar eð handhafar vitnisburða, sem var aflað samkvæmt eldri ákvæðum og sem tilskipun 92/51/EBE tekur til, geta sótt um að hljóta sömu meðferð í krafti a-liðar 1. gr. tilskipunar 89/48/EBE.

Starf gervilimasmiðs er ekki lögverndað í Breska konungsríkinu.

Starf tilsjónarmanns er ekki lengur lögverndað í Breska konungsríkinu.

Ráðstafanirnar sem kveðið er á um í þessari tilskipun eru í samræmi við álit nefndarinnar sem kveðið er á um í 15. gr. tilskipunar ráðsins 92/51/EBE.

Gjört í Brussel 20. júní 1997.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Mario MONTI

framkvæmdastjóri.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Viðauka C við tilskipun 92/51/EBE er hér með breytt eins og segir í viðauka þessarar tilskipunar.

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 30. september 1997. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær verða birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

3. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

4. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB nr. L 184, 12. 7. 1997, bls. 31, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 6/98 frá 30. janúar 1998 um breytingu á VII. viðauka (Gagnkvæm viðurkenning á starfsmenntun og hæfi) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

(1) Stjtið. EB nr. L 209, 24. 7. 1992, bls. 25.

(2) Stjtið. EB nr. L 184, 3. 8. 1995, bls. 21.

(3) Stjtið. EB nr. L 19, 24. 1. 1989, bls. 16.

VIÐAUKI

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á viðauka C við tilskipun 92/51/EBE:

Í „5. Nám í Breska konungsríkinu sem er viðurkennt sem National Vocational Qualifications or Scottish Vocational Qualifications“, falla eftirfarandi undirliðir brott:

- „- vísindalega aðstoðarmenn við lækunarannsóknarstofur (Medical Laboratory Scientific Officer),
- tilsjónarmenn (Probation Officer),
- gervilimasmiði (Prosthetist),“.